


„Kannski breyti ég asnanum í opinn fólksvagn“



samþykkt og við hófumst handa. Myndin var tíu sinnum þrjú metrar að stærð, svo það var nóg pláss. Við vorum auðvitað mjög ólíkir innbyrðis, það voru „aksjónmálarar“ eins og Kristján Davíðsson og danskur málari og sænskir, finlegir dalakofamálarar.

Þetta varð ansi skrátt mynd. Það endaði auðvitað með því að Kristján og þessi Dani máluðu hana nánast einir. Þeir notuðu fljótverkstu aðferðina.

Kom með figúruna aftur

— En hvað með einstaklinginn og malarann Einar Hákonarson, hvað hefur hann málað, á hvaða leið er hann í sínu málverki?

„Eftir nám í MHÍ hérna heima, var ég við nám í Svíþjóð nokkur ár. Þá var abstrakt aðalstefnan ef svo má segja. Ég hreifst af myndum Englendingsins Francis Bacon, sem voru figúratívur og ég hóf að nota figúrun í mínum myndum og hef gert það síðan. Fyrsta sýningin mín hér var í Bogasalnum, 1968. Ég held satt að segja að ég hafi komið með figúruna aftur inn í íslenska myndlist, eftir nokkra fjarvist.

Maðurinn hefur verið viðfangs-efni myndlistarinnar alla tíð. Formið hefur verið breytilegt, en í edli sínu er öll myndlist um manninn, líka hreinar abstraktmyndir. Framan af voru mínar myndir jafnan byggðar upp af miklum innri andstæðum. Það voru sundurtættar mannverur annars vegar og hörð form hins vegar. Ég tefldi þessu saman í myndunum til að lýsa firringu og einangrun mannsins í fjöldanum.

Í fyrstu málaði ég figúrunar mjög frjálsliga, en síðar urðu myndirnar stíffari, gengu nærri því að verða litadar teikningar, en fyrir svona fimm eða sex árum fór ég að reyna að opna þetta allt meira og gera myndirnar tilfinningaríkari. Síðan hef ég verið að losa sífellt meira um formið. Áður vann ég alltaf skissur mjög nákvæmlega, en nú eru þær bara hugmyndir, sem ég krotta á blað viðstöðulaust og byggji aðeins á í stærstu dráttum. Með þessum

hætti verður myndgerðin mun frjálsari en ella.

Þetta hefur reyndar verið að gerast úti í heimi núna upp á síðkastið. Conceptual-listin, eða hugmyndafræðileg list, er að detta niður, en kominn upp kröftugur expressiónismi í anda þýsku expressiónistanna, t.d. Emilis Nolde. Þetta er kallað Nýja málverkið. Hitt er þetta sem íslenskir listamenn hafa sumir hverjir kallað nýlist, sem er undarlegt orð og algert rangnefni, auðvitað.

Það virðist því sem ég sé að komast í takt við tímann aftur,“ segir Einar og hlær dátt. „Annars er ómögulegt fyrir menn að vera að hlaupa á eftir einhverjum ismum og tiskum. Menn gera þetta á meðan þeir eru ungr og það er eðlilegt. En menn verða einhvern tíma að setjast niður og vinna út úr þessu ef þeir ætla að gera eitthvað sem hefur einhverja vigt.“

Ekki ölmusumenn

Einar hafði alltaf annað veifið skotrað augunum á myndina á trönum á meðan við vorum að tala saman og þegar Kristján Örn ljósmyndara bar að garði og hann bað Einar að setja nokkur strik á myndina, þá fór Einar samstundis í sloppinn sem eitt sinn mun hafa verið hvítur sem mjöll en er nú að miklu leyti eins og expressiónískt málverk af heidi í helliregni, og byrjaði að mála.

Það verður til figúra aftan og ofan við Jesú á asnanum og það kemur í ljós eitthvað sem gæti verið austurlensk jurtt, en gæti líka verið njóli. Einar malar hiklaust með löngum pensildráttum og svörtu strikunum fjólgar og Kristján Örn myndar og myndar. Síðan hverfur hann á braut og Einar leggur frá sér heidasloppinn og við tókum til við kaffið og samtalið á nýjan leik. Hann heldur áfram að gjóa augunum við og við á myndina.

Ég spyr hann hvernig það sé að vera myndlistarmaður á þessum tímum, í þessu landi.

„Það er nú svona og svona. Þó er nú búið að setja á stofn Lista-

verkasjóð ríkisins, sem hefur til umráða eitt prósent af fjárlögum ríkisins, annað hvort A eða B. Þessi sjóður ætti að geta skapað myndlistarmönnum verkefni í framtíðinni. Mér hefur alltaf þótt eðlilegra að menn vinni ákveðin verkefni og fái greitt fyrir þau, fremur en að vera með styrkja-kerfi. Listamenn eiga ekki að vera ölmusumenn. En það er dálítill saga á bak við Listaverkasjóðinn.

Þannig var, að fyrir þremur árum var ég bedinn um að gera tillögu að veggskreytingu á nýju skólahúsi á Lyngási við Safamýri. Ég gerði það og þetta var nokkuð stórt verk. Þá var sú regla í gildi að verja mætti tveimur hundrads-hlutum af byggingarkostnaði opinberra bygginga til listskreytinga. Nú, það var töluverð reki-stefna útaf þessu í menntamálaráðuneytinu og eitthvað var fjargviðrast út af þessu í blöðunum. Á endanum var tillögum mínum hafnað. Þetta þótti of dýrt. Það átti að kosta tíu gamlar milljónir og var 15–20 fermetra verk.

Þessi 2%-regla hefur lítið verið notuð, en eftir þessa episöðu þarna um árið lögðu þrjú þingmenn fram frumvarp um að reglan yrði gerð að skyldu. Það voru þeir Birgir Ísleifur Gunnarsson, Halldór Blöndal og Ólafur G. Einarsson. Menntamálaráðherra vildi ekki vera minni karl og lagði að bragði fram annað frumvarp sem nú mun orðið að lögum og það var frumvarpið um Listaverkasjóðinn.“

Allar stefnur jafn réttáar

„Þetta urðu nú ekki síðustu viðskipti mín við þann makalaus menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason. Ég veit ekki hvort þetta deilumál um veggskreytinguna gerði hann tortrygginn í minn garð eða hvað, en allavega var það undarlegt þegar hinar dálítið frægu deilur urðu í Myndlista- og handíðaskólanum nú fyrir stuttu, að ég þurfti að leita til Skóla-meistarafélags Íslands til að fá stuðning til að fá að halda uppi

aga í mínum skóla. Þetta mun einisdæmi.

Mig langar til að leiðrétta eitt. Ég hef verið ásakaður fyrir að vera á móti ákveðnum stefnum. Þetta er ekki rétt og stríðir algerlega gegn minni sannfæringu. En það er ekki síður andstætt minni sannfæringu að stofnaðar séu í listaskólum sérstakar deildir utan um ákveðnar stefnur. Þar eiga allar stefnur að vera jafn réttáar og það voru þær vissulega í MHÍ áður en þessi sérstaka svokallaða „nýlistadeild“ var sett á laggirnar.

Nemendum í MHÍ hefur einn þótt það undarlegt við fyrstu sýn, að þar kenna margir kennarar og nánast hver með sína sérstöku skoðun á listinni. En það er ekki hægt að kenna list með einhverju einu patenti. Það er einmitt jákvætt fyrir unga fólk að geta nýtt sér það besta úr hugmyndum ólíkra kennara.“

Það er allt í einu komin kona á myndina á trönum.

„Já, ég var búinn að vera að sjá hana þarna á meðan við vorum að tala saman, svo ég teiknaði hana bara. Það vantaði eitthvað þarna.“

Við höfum á myndina og hræum í kaffibollunum, svo undir tekur í vinnustofunni. „Annars á þetta kannski eftir að breytast mjög mikið þegar ég byrja að mála þetta. Ég er til dæmis ekki alveg búinn að ákveða hvort ég á að láta Jesú horfa fram eða til baka. Kannski breyti ég asnanum í opinn fólksvagn,“ segir Einar og hlær.

Umtalsvert ógagn

Einar Hákonarson er nú stjórnarformaður Kjarvalsstaða. Við ræðum nokkuð um það.

„Ég hef áhuga á að Kjarvalsstaðir verði alþjóðlegri en verið hefur. Mér finnst að Íslendingar megi gjarnan líta eitthvert annað út í heiminn en alltaf til Norðurlanda, þótt þar sé margt ágætt að sjá. Við höfum jú líka Norræna húsið til að halda hér uppi norrænni menningu sérstaklega, og forða okkur frá þessari ímynduðu ameríkanseringu, sem skandinavískir sveitakarlar í menningar-málum rugla stundum heimskúltúrnum saman við.“

Það er nú til dæmis eitt dálítið hættulegt mál á ferðinni núna fyrir íslenska myndlist, en það er það, að nú eru það útlendingar sem í æ ríkara mæli ráða því hvaða íslensk list er sýnd á erlend-um vettvangi. Norræna lista-bandalagið er orðið miðstýrt kerfi sem ræður af miklu. Það var Sví sem valdi íslensku verkin á norrænu menningarkynninguna í Bandaríkjunum. Forystumenn FÍM á undanföllum árum hafa verið of hallir undir þetta, finnst mér, og fleirum, og því var það líka að við tókum okkur saman, nokkrir menn sem mála hér að verulegu marki, og stofnuðum Listmálarafélagið, sem stundum er kallað „Oliufélagið“ en það stenst nú reyndar ekki alveg, því sumir okkar mála með akrýllitum.

Þeir listfræðingar sem hér starfa nú og komið hafa sprenglærðir heim á síðustu árum, hafa

líka unnið myndlist hér umtalsvert ógagn með sérlega neikvæðum skrifum um allt sem gert er hér eða þar um bil. Þessir menn eru auðvitað vel menntaðir í alþjóðlegri listasögu og ættu reyndar að heita listasafnfræðingar, en þeir vita oft sáralítið um íslenska myndlistarsögu og ættu að kynna sér betur þann fróðleik sem Björn Th. Björnsson hefur sett á bækur um það efni, nú síðast í stórvirk- inu, „Íslensk myndlist“. Þeir gætu tekið hann sér til fyrirmyndar og fjallað um íslenska myndlist í dýpri skilningi.“

Breytingar á Kjarvalsstöðum.

„Það eru fyrirhugaðar ýmsar breytingar á Kjarvalsstöðum, bæði innan húss og utan. Hönnun hússins hefur ekki tekist alveg sem skyldi. Það er þannig búið að samþykkja að veggir í sýningar-sólum verði hafðir hvítir og nú er beðið eftir tillögum arkitektsins, varðandi hið mjög svo umdeilda loft sem fer í taugarnar á öllum þeim sem sýna þarna. Danirnir, sem settu upp sýninguna á verkum Thorvaldsens, hafa þannig brugðið á það ráð að búa til hús utan um sýninguna til að losna við núverandi vegg og loft.“

Nú er stjórnin að vinna vetrar-dagskrána. Það er mikið happ fyrir Kjarvalsstaði að hafa Þóru Kristjánsdóttur listráðunaut. Starfsemi hefur orðið mun lífrænni eftir að hún tók til starfa. Og þá ekki bara á sviði myndlistar. Það eru hugmyndir um að koma upp færanlegu leiksviði utan húss, við húsið. Það er nauðsynlegt að starfsemi þessarar menningarmiðstöðvar Reykvik- ings sé sem líflegust og fjölbreytt-ust.

Mér finnst að borgaryfirvöld ættu að styðja við bakið á listið- aði hvers konar, því þar eignum við sívaxandi hóp góðs fólks, sem stendur erlendum starfsbræðrum sínum að minnsta kosti á sporði, en mætir litlum skilningi valdhafa hér. Við sjáum nú bara hvernig þetta unga fólk, sem var að setja á stofn glerverkstæði nú fyrir stuttu, varð að innrétta það í fjárhúsi uppi á Kjalarnesi. Borgin ætti að útvega fólk líðir undir byggingar fyrir slíka starfsemi á hagstæðum kjörum, eða byggja nýja iðngarða, í stað þeirra sem verslunin hefur nú yfirtekið að mestu, sem enn eitt talandi dæmið um það, hvaða atvinnugreinar blómstra hér á landi nú á dögum, og hverjar ekki.

Það var jákvætt framtak hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að efna til yfirstandandi hönnunarsamkeppni, og vonandi taka nú fleiri við sér.“

Íslensk grafík

Degi er tekið að halla. Við víkj- um talinu aftur að Einari sjálfum og list hans. Ég kem auga á mikla vél, sem reynist vera grafík-pressa og spyr Einar um þessa listgrein.

„Ég tók grafík sem hliðargrein í náminu úti, en hafði áður verið dálítið hjá Braga í litógrafíu. Ég kyntist svo annarri tækni, í Sví- þjóð, ættingu, sem ég heilladist

„Þeir þurfa einhvern stuðning til að halda við sköðunum sínum, sem hafa fyrir löngu dregist langt aftur úr veruleikanum.“

„Menn virðast ekki geta horfst í augu við sjálfa sig og stöðu sína í samtímanum.“

„Ég var búinn að vera að sjá hana þarna á meðan við vorum að tala saman, svo ég teiknaði hana bara.“

„Ég er mjög hissa á því, hve margir listamenn virðast vera miklar hópsálir.“

„Fólk virðist ekki hafa neitt til að trúá á og berjast fyrir þegar húsið er loks komið upp.“